

Fundargerð 140. fundar

fræðslumálanefndar sambandsins

Árið 2022, miðvikudaginn 11. maí kl. 12:30 kom fræðslumálanefnd sambandsins saman til fundar í Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Einar Már Sigurðarson, Helgi Arnarson, Herdís Ásu Sæmundardóttir, Skúli Þór Helgason og Anna Birna Snæbjörnsdóttir.

Að auki sátu fundinn: Guðjón Bragason sviðsstjóri, Anna Ingadóttir sérfræðingur, Bjarni Ómar Haraldsson sérfræðingur, Valgerður Freyja Ágústsdóttir sérfræðingur, Valgerður Rún Benediktsdóttir lögfræðingur, Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi og Þórður Kristjánsson sérfræðingur í skólamálum, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Aðgerð 2 í fyrstu aðgerðaáætlun menntastefnu til 2030 - 2009080SA**

Vinna við innleiðingu fyrstu aðgerðaáætlunar menntastefnu er hafin. Ingvi Hrannar Ómarsson, sérfræðingur í mennta- og barnamálaráðuneytinu, leiðir vinnu við aðgerð 2: Skólaþróun um land allt.

Ingvi Hrannar kom á fund nefndarinnar og átti samtal um næstu skref og mögulegar áherslur varðandi útfærslu og framkvæmd þessarar aðgerðar og óskaði eftir hugmyndum nefndarmanna. Aðgerðaáætlanir menntastefnu verða þrjár. Hugmyndin að þessari aðgerð á fyrirmynd hjá Reykjavíkurborg sem kom á fót öflugum skólaþróunarsjóðivegna innleiðingar menntastefnu borgarinnar, sem gefist hefur vel. Ingvi Hrannar greindi frá fyrstu drögum að almennu úthlutunarlíkani til umræðu. Áhersla þarf að vera á breitt eignarhald starfsfólks og markvissa innleiðingu í skólana í því skyni þarf öflugt innleiðingarteymi sem skólarnir og sveitarfélögin geta leitað ráðgjafar til.

Nefndin fagnar þessari mikilvægu aðgerð menntastefnu sem gerir framkvæmdina raunhæfa og eykur líkur á eignarhaldi á vettvangi. Mikilvægt er að hafist verið handa með öll skólastigin samhliða og af þessu tilefni þarf að taka umræðu um fyrirkomulag sjóða föstum tókum. Nota þarf þetta einstaka tækifæri til þess að brjóta upp gildandi fyrirkomulag, sameina sjóði og gera aðgengilega þvert á skólastig. Þá undirstrikar nefndin að öflug Menntamálastofnun léki lykilhlutverk í framkvæmd stefnunnar og réttast væri að stýrihópur innleiðingar væri staðsettur þar.

2. **Endurskoðun 16. kafla Aðalnámskrár grunnskóla um undanþágur frá skólasókn og skyldunámi. - 2009342SA**

Unnið er að endurskoðun á 16. kafla aðalnámskrár grunnskóla sem fjallar um undanþágur frá skyldunámi og skólasókn og mismunandi leiðir til þess að uppfylla skólaskyldu. Fyrir liggja drög að kaflanum sem Þórður Kristjánsson og Anna Ingadóttir, sérfræðingar í skólamálum og fulltrúar sambandsins í

starfshópnunm fóru yfir. Lagt er til að útbúin verði sérstök viðmið um fjarvistir frá skólasókn. Þær megi ekki fara yfir 10% af heildar skóladagafjölda nemenda. Þá er í kaflanum fjallað sérstaklega um skólaforðun og viðbrögð við henni. Þá er lagt til að sett verði viðmið um gildar ástæður sem liggja fyrir leyfisbeiðnum frá skólasókn. Fram kom að vinna við reglugerð um heimakennslu stendur yfir og sýnist sitt hverjum í þeim efnun.

Fræðslumálanefnd tók breytingatillögunum og telur tímabærar. Nefndarmenn benda jafnframt á að frekari umfjöllun þurfi um heimakennslu/heimaskólun, þróunarskóla, alþjóðaskóla og fjar- og dreifnám. Mikilvægt sé slíkum útfærslum á skólaskyldu sé mörkuð skýr umgjörð því viðbúið er þeim umsóknum muni fjölga í kjölfar Covid og fjölgunar starfa óháð staðsetningu. Þá taldi nefndin að koma þyrfti á skilvirku samtali milli íþróttahreyfingarinnar og fræðsluyfirvalda t.d. skipulagningu íþróttaviðburða á skólatíma nemenda.

3. **Skólaheimsóknir vegna fjarvinnu foreldra - 2204023SA**

Beiðnum foreldra um að börn þeirra fái að "koma í heimsókn" eða dvelja í skóla utan lögheimilis til skamms tíma hefur fjölgað sl. 2 ár gjarnan í tengslum við fjarvinnuönguleika foreldra. Fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar hvetur Samband íslenskra sveitarfélaga til að beita sér fyrir því að reglur varðandi nemendaheimsóknir barna í grunnskóla, vegna fjarvinnu foreldra þeirra, verði samræmdar á landsvísu. Fjallað verður um málið og það sett í samhengi við endurskoðun á 16. kafla Aðalnámskrár grunnskóla.

Fram kom í umræðum að sambandið tekur skýra afstöðu gegn því að börnum sé ætlað að sækja tvo skóla samtímis, t.d. vegna sameiginlegrar forsjár, í álit sem unnið var í samstarfi við sérfræðinga árið 2013 og áréttað við sveitarfélög árið 2019. Mikilvægt sé að umræðan sé tekin út frá þörfum barnsins. Sveitarfélög hafa séð sig knúin til þess að setja reglur um skólaheimsóknir og tímalengd þeirra en viðbúið er að þetta kalli á ákveðið los í skólagöngu og tómstundum barns sem þarf að varast. Huga þarf jafnframt að tryggingamálum þeirra barna sem þetta ætti við um. Niðurstaða nefndarinnar var sú að æskilegt væri að taka þessa umræðu í samhengi við endurskoðun 16. kafla aðalnámskrár grunnskóla um undanþágur og leyfi frá skólasókn.

4. **Börn og ungmenni á flóttu og skólaganga - 2203014SA**

Fyrir liggja tillögur mennta- og barnamálaráðuneytis vegna skólagöngu og frístundastarfs leik-, grunn- og framhaldsskólabarna sem kynntar voru á síðasta samráðsfundi sambandsins og Grunns. Þær verða lagðar fyrir fræðslumálanefnd til kynningar auk kynningarefnis frá Krístrúnu Sigurjónsdóttur, kennslufulltrúa fjölmenningar í Hafnarfirði um móttöku flóttabarna.

<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2022/05/12/Studningur-vid-sveitarfelog-vegna-mottoku-barna-a-flotta-fra-Ukrainu/>

5. **Samráðsfundir með mennta- og barnamálaráðherra - 2202029SA**

Þriðji samráðsfundur sambandsins og mennta- og barnamálaráðherra verður haldinn mánudaginn 23. maí nk. Rætt var um inntak dagskrár og fundargerðir fyrstu tveggja funda lagðar fram til kynningar.

Fundi var slitið kl. 14:00

Einar Már Sigurðarson

Helgi Arnarson

Herdís Ásu Sæmundardóttir

Skúli Þór Helgason

Anna Birna Snæbjörnsdóttir